



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 9. mars 2012

### Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 8. mars breytingar á reglugerðum KSÍ.

#### ***Breyting á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.***

Ákvæði 23.1.4 hljóðar svo:

23.1.4. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um sammingsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal aga – og úrskurðarnefnd KSÍ skipa oddamann.

Nýtt ákvæði 23.1.4:

23.1.4. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um sammingsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal **Héraðsdómur Reykjavíkur** skipa oddamann.

**Greinargerð:**

**Gerðardómur Alþjóða Ólympíuhreyfingarinnar hefur úrskurðar að gerðardómsákvæði Knattspyrnusambands Íslands uppfylli ekki skilyrði reglna FIFA um óháðan gerðardóm og því geti leikmenn, félög eða aðrir starfsmenn félaga skotið málum til UEFA, FIFA eða CAS með tilheyrandi kostnaði fyrir hreyfinguna. Með lagfæringu á gerðardómsákvæði reglugerðarinnar er málsmeðferðarkerfi KSÍ tryggð ótvíræð lögsaga í málum sem varða samskipti félaga og leikmanna innanlands.**

**Breytingin tekur þegar gildi.**

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson  
framkvæmdastjóri KSÍ